

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B136-138

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 136-138

Nr. 885-888

2004

Efnisyfirlit B 136–138 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
885	8. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi	2169
886	10. nóv.	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi	2170
887	5. nóv.	Reglugerð um (15.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri	2171-2188
888	29. okt.	Reglur Persónuverndar um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði	2189-2192

STJÓRNARTÍÐINDI B 136 – 2004

8. nóvember 2004

2169

Nr. 885

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003,
um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., er togbátum, sem taka poka vörpunnar inn á síðunni og togbátum sem eru 29 metrar að mestu lengd eða styttri, heimilt til 1. september 2005 að stunda veiðar með fiskibotnvörpu á svæðinu, enda séu vörpur þeirra búnar leggglyugga í samræmi við ákvæði 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 711, 27. ágúst 2004, um breytingu á reglugerð nr. 362, 22. maí 2003, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. nóvember 2004.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 137 – 2004

Nr. 886

2170

10. nóvember 2004

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Akratorgs – Hvítanesreit, Akranesi.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 28. september 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Akratorgi – Hvítanesreit.

Breytingin felst í að 5 lóðir eru sameinaðar í eina, nýr byggingareitur fyrir Kirkjubraut 14-22, varanlega lokun Akurgerðis þar sem ráðgert er að byggja yfir götuna. Breytingin felur í sér heimild til að reisa fjögurra hæða verslunar- og íbúðarhús, í stað stakra 2½ hæða húsa, á lóð Kirkjubrautar 14-22.

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 10. nóvember 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.

REGLUGERÐ

um (15.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 261/2003 frá 12. febrúar 2003 öðlast gildi hér á landi og breytast ákvæði 12. liðar, Ensím, D-hluta 3. viðauka, aukefni, í samræmi við reglugerðina sem birtist hér í fylgiskjali 1.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 316/2003 frá 19. febrúar 2003 öðlast gildi hér á landi og breytast ákvæði 13. liðar Örverur, D-hluta 3. viðauka, aukefni, í samræmi við I. viðauka reglugerðarinnar og ákvæði 12. liðar, Ensím, D-hluta 3. viðauka, aukefni, í samræmi við II. viðauka reglugerðarinnar sem birtist hér í fylgiskjali 2.

3. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2002 frá 21. október 2002 öðlast gildi hér á landi og breytast ákvæði 12. liðar, Ensím, D-hluta 3. viðauka, aukefni, í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar sem birtist hér í fylgiskjali 3.

5. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1756/2002 frá 23. september 2002 öðlast gildi hér á landi og fellur ákvæði um hníslalyfið E759 Nifursól í 4. lið, Hníslalyf, D-hluta 3. viðauka, aukefni, niður í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar sem birtist hér í fylgiskjali 4.

6. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2188/2002 frá 9. desember 2002 öðlast gildi hér á landi og breytast ákvæði 12. liðar, Ensím, D-hluta 3. viðauka, aukefni, í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar sem birtist hér í fylgiskjali 5.

7. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 162/2003 frá 30. janúar 2003 öðlast gildi hér á landi og breytast ákvæði 4. liðar, Hníslalyf, D-hluta 3. viðauka, aukefni, í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar sem birtist hér í fylgiskjali 6.

8. gr.

Í 12. viðauka, undir Ýmis efni, Smásjárrannsókn (við greiningu og mat á innihaldsefnum úr dýraríkinu), fellur niður tilvísun til tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 98/88 og í staðinn kemur tilvísun til tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 126/2003.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og til innleiðingar á reglugerðum framkvæmdastjórnar (EB) nr. 261/2003, 316/2003 samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2003, reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 162/2003 samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2003, reglugerðum framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1756/2002, 1876/2002 og 2188/2003 samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2003 og tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 126/2003 samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2004 og tekur gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. nóvember 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 261/2003****frá 12. febrúar 2003****um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefna í fódri****(Texti sem varðar EES)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að nauðsynlegt sé að hafa leyfi Bandalagsins í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar fyrir nýrri notkun aukefnis sem hefur þegar verið leyft.
- 2) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni til nota í fódur eða nýrri notkun aukefnis, sem hefur þegar verið leyft, ef skilyrði sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun eru uppfyllt og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að efnið hafi einhver þau áhrif, sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar, þegar það er notað í fódur. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi í allt að fjögur ár ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun.
- 3) Framleiðslufyrirtækin lögðu fram ný gögn sem rökstuðning með umsókn um að rýmka leyfi fyrir tveimur ensimefnablöndum, sem fjallað er um í I. og II. viðauka við þessa reglugerð og skráðar eru í 50. og 51. lið í viðaukunum við tilskipun 70/524/EBE, þannig að þau nái yfir nýja flokka dýra.
- 4) Mat á umsóknum um leyfi, sem lagðar voru fram að því er varðar nýja notkun ensimefnablandna, sem fjallað er um í I. og II. viðauka, sýnir að skilyrðin,

sem um getur í 1. mgr. 9. gr. e í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt og þar af leiðandi skal leyfa þessa rýmkun, að því er varðar notkun, til bráðabirgða í fjögur ár.

- 5) Matið á umsóknum sýnir einnig að ákveðnar aðgerðir geti verið nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum efnanna sem eru tilgreind í I. og II. viðauka. Slík vernd ætti hins vegar að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾.
- 6) Vísindanefndin um fódur hefur sent frá sér jákvætt álit um öryggi þessara blandna með þeim skilyrðum sem fjallað er um í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa efnablöndur, sem tilheyra flokknum „ensím“ og tilgreindar eru í I. og II. viðauka, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðaukum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjtuð. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjtuð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Nr.	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ónnur ákvæði	Leyfi rennur út
					innihald Virkniningar á hvert kilógramm heilfóðurs	innihald innihald á hvert kilógramm heilfóðurs		
50	6-fýasi EC 3.1.3.26	Efnablanda 6-fýasa, framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> (DSM 11857), með virkni að lágmarki: Hjúpað form: 2 500 FYT/g (1) Vökvaform: 5 000 FYT/g	Gyltur	—	750 FYT	—	1. Í notkunarléibeningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Raðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: 750-1 000 FYT 3. Til nota í fôðurböndur sem innihalda yfir 0,25% fýrinbundinn fosfór	1.2.2007

(1) 1 FYT er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol ólfræns fosfats á mínútu úr natríumfýrati við pH 5,5 og 37 °C.

II. VIÐAUKI

Nr.	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ónnur ákvæði	Leyfi rennur út
					innihald Virkniningar á hvert kilógramm heilfóðurs	innihald innihald á hvert kilógramm heilfóðurs		
51	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa, EC 3.2.1.8 framleiddur með <i>Bacillus subtilis</i> (LMG S-15136), með virkni að lágmarki: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 100 IU/g (1)	Eldissvín	—	10 IU	—	1. Í notkunarléibeningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Raðlagður skammtur á hvert kílógramm heilfóðurs: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 10 IU/kg 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af arabinoxýlani, t.d. að lágmarki 40% af hveiti eða byggi.	1.1.2007

(1) 1 IU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol af oxandi sykra (xýlösajafingildu) á mínútu úr xýlani úr birki við við pH 4,5 og 30 °C.

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 316/2003****frá 19. febrúar 2003****um varanlegt leyfi fyrir aukefni í fódri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fódur****(Texti sem varðar EES)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/7/EB ⁽²⁾, einkum 3. gr., 9. gr. d og 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 9. gr. d í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að leyfa aukefni, sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun, án tímamarka ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um a-lið 3. gr., eru uppfyllt.
- 2) Framleiðslufyrirtækið lagði fram ný gögn sem rökstuðning með umsókn um leyfi án tímamarka fyrir örveruefnablöndunni sem fjallað er um í þessari reglugerð.
- 3) Mat á leyfisumsókn, sem lögð var fram að því er varðar þessa örveruefnablöndu, sýnir að öll skilyrði fyrir leyfi eins og kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE hafa verið uppfyllt.
- 4) Því er heimilt að leyfa þessa örveruefnablöndu án tímamarka.
- 5) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að nauðsynlegt sé að fá leyfi Bandalagsins fyrir nýrri notkun aukefnis sem hefur þegar verið leyft.
- 6) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni til nota í fódur eða fyrir nýrri notkun aukefnis, sem hefur þegar verið leyft, ef skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun, eru uppfyllt og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að efnið hafi einhver þau áhrif sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar þegar það er notað í fódur. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi til allt að fjögurra ára ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun.

7) Framleiðslufyrirtækið lagði fram ný gögn sem rökstuðning með umsókn um að framlengja leyfi fyrir ensimefnablöndu sem fjallað er um í þessari reglugerð.

8) Mat á leyfisumsókn sem lögð var fram að því er varðar nýja notkun þessarar ensimefnablöndu sýnir að skilyrði fyrir bráðabirgðaleyfi, sem kveðið er á um í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt.

9) Því er heimilt að leyfa þessa ensimefnablöndu til bráðabirgða í fjögur ár.

10) Athugun á umsókninni sýnir að ákveðnar aðgerðir séu nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum efnanna sem eru tilgreind í viðaukunum. Slík vernd ætti að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „örverur“ og tilgreind er í I. viðauka, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Heimilt er að leyfa til bráðabirgða efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í I. viðauka, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjótið. EB L 22, 25.1.2003, bls. 28.⁽³⁾ Stjótið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. mars 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks-innihald		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Lágmarks-innihald CFU/kg heilföðurs	Hámarks-innihald heilföðurs		
Överur E 1702	<i>Saccharomyces cerevisiae</i> NCYC Sc 47	Efnablanda <i>Saccharomyces cerevisiae</i> sem inniheldur að lágmarki: 5×10^9 CFU/g aukefnis	Eldisnautgripir	—	4×10^9	8×10^9	Í notkunarlöbæiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun. Í notkunarlöbæiningum komi fram: „magn <i>Saccharomyces cerevisiae</i> í dagskammti skal ekki fara yfir $2,5 \times 10^9$ CFU fyrir hver 100 kg af líkamsþyngd og $0,5 \times 10^{10}$ CFU fyrir hver 100 kg líkamsþyngdar umfram.“	Án tímamarka ^{a)}

II. VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks-innihald		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Lágmarks-innihald CFU/kg heilföðurs	Hámarks-innihald heilföðurs		
Ensim 24	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (CNCM 1-1517), með virkni að lágmarki: 28 000 QXU (1)g 140 000 QGU (2)g	Eldiskalkútar	—	280 QXU 1 400 QGU	840 QXU 4 200 QGU	1. Í notkunarlöbæiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: 560 QXU 2 800 QGU. 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum arabinoxýlönun og beta-glúkónum), t.d. þær sem innihalda yfir 20% hvetti og/eða bygg.	28.2.2007

(1) 1 QXU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xýlösafringilda) á mínútu úr xýlani úr hófrum við pH 5.1 og 50 °C.

(2) 1 QGU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (glúkósafringilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggvi við pH 4,8 og 50 °C.

Fylgiskjal 3.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1876/2002**

frá 21. október 2002

um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 9. gr. e í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni til nota í fódur eða nýrri notkun aukefnis, sem hefur þegar verið leyft, ef skilyrði b- til e-liðar 3. gr. a í þeirri tilskipun hafa verið uppfyllt og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirbyggjandi niðurstöðum, að efnið hafi einhver þau áhrif, sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar, þegar það er notað í fódur. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi í allt að fjögur ár ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun.
- 2) Framleiðslufyrirtækið lagði fram ný gögn í því skyni að rýmka leyfi fyrir ensimefnablöndunni, sem lýst er í viðaukanum við þessa reglugerð og skráð í lið 24 í viðaukunum við tilskipun 70/524/EBE, þannig að það nái yfir nýjan flokk dýra. Mat á skjölunum, sem lögð voru fram, sýnir að heimilt er að leyfa til bráðabirgða rýmknun að því er varðar þessa notkun.

- 3) Matið á skjölunum sýnir að ákveðnar aðgerðir geta verið nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnisins sem skráð er í viðaukanum. Slík vernd ætti hins vegar að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾.
- 4) Vísindanefndin um fódur hefur sent frá sér jákvætt álit um öryggi ensimefnablöndunnar samkvæmt þeim skilyrðum sem er lýst í viðaukanum.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjóð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjóð. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjóð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnamúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur akvæði	Leyfi rennur út
					innihald	innihald		
					Virknisnúmer á hvert kilogrammi heilfóðurs			
„Ensim“ 24	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6	Efnablenda endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (CNCM 1-1517), með virkni að lágmarki: 28 000 QXU/g (*) 140 000 QGU/g (†)	Varphaenur	—	560 QXU 2 800 QGU	— —	1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggluun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilfóðurs: 560 QXU 2 800 QGU 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölsykrum, öðrum en sterkju (enikum arabinoxýlönun og beta-glúkónun), t.d. þær sem innihalda yfir 20% hveiti og/eða bygge.	1.10.2006

(*) 1 QXU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi sykra (xýlosajafngilda) á minútu úr xýlani úr höfrum við pH 5,1 og 50 °C.
(†) 1 QGU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi sykra (glúkósajafngilda) á minútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 4,8 og 50 °C.

Fylgiskjal 4.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1756/2002**

frá 23. september 2002

um breytingu á tilskipun 70/524/EBE um aukefni í fódri að því er varðar afturköllun á leyfi fyrir aukefni og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999

(Texti sem varðar EES)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EB frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 9. gr. m,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/822/EBE ⁽²⁾ var í fyrsta sinn leyft að nota hnislalyfið nifúrsól, sem er nitrófúran, sem aukefni í fódri. Þetta leyfi tengist með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999 ⁽³⁾ þeim einstaklingi sem ber ábyrgð á að hafa sett það í dreifingu á tíu ára tímabili án þess að nokkurt endurnamat færi fram.
- 2) Í 9. gr. m er kveðið á um afturköllun á leyfi fyrir aukefni ef eitthvert skilyrðanna fyrir leyfinu, sem eru sett fram í 3. gr. a tilskipunar 70/524/EBE, er ekki lengur uppfyllt.
- 3) Á árunum milli 1990 og 1995 lögðu bæði sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum (JECFA) og nefnd um dýralyf (CVMP) fram álit um notkun dýralyfja af þeim flokki efna, sem kallast nitrófúran, handa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis. Nefndirnar komust að þeirri niðurstöðu að ekki væri mögulegt, sökum erfðaeiturhriða og krabbameinsvaldandi áhrifa efnisins, að skilgreina viðtekinn dagskammt (þ.e. það magn efnaleifanna í fæðu manna sem getur talist öruggt). Af þeim sökum var ekki mögulegt að ákvarða hámarksgildi viðkomandi efnaleifa. Þess vegna var öllum nitrófúrönnum bætt við í IV. viðauka

við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 ⁽⁴⁾ þannig að alls staðar í Bandalaginu er bannað að nota þessi efni sem dýralyf handa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

- 4) Framkvæmdastjórnin fór þess vegna fram á það við vísindanefndina um fódur (SCAN) að hún léti vinna nýtt áhættumat að því er varðar nifúrsól sem einnig tilheyrir flokki nitrófúrana.
- 5) Hinn 11. október 2001 samþykkti vísindanefndin um fódur álit varðandi nifúrsól en þar kemst hún að þeirri niðurstöðu að á grundvelli niðurstaðna úr rannsóknum á stökkbreytandi áhrifum, erfðaeiturhriðum og krabbameinsvaldandi áhrifum, sem einstaklingurinn, sem ber ábyrgð á því að hafa sett nifúrsól í dreifingu, setti fram, og vegna skorts á gögnum um skaðleg áhrif á þroskun hafi ekki verið mögulegt að ákvarða viðtekinn dagskammt fyrir neytendur. Vísindanefndin um fódur staðfesti þetta álit 18. apríl 2002 eftir að hafa kannað gögn því til stuðnings.
- 6) Þar af leiðandi er ekki hægt að tryggja að heilbrigði manna sé ekki hættu búin af nifúrsól.
- 7) Samkvæmt b-lið 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE skal því aðeins leyfa notkun aukefnis ef það, með tilliti til notkunaraskilyrða, hefur hvorki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða umhverfið né skaðar neytendur sökum þess að eiginleikar dýrafurðanna breytist.
- 8) Þar af leiðandi og vegna þess að skilyrði, sem er sett í 3. gr. a í þeirri tilskipun, er ekki lengur uppfyllt að því er varðar hnislalyfið nifúrsól, skal notkun efnisins sem aukefni í fódri ekki lengur leyfð. Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2430/1999 og færslunni um hnislalyfið í II. kafla viðauka B við tilskipun 70/524/EBE til samræmis við það.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2205/2001 (Stjtið. EB L 297, 15.11.2001, bls. 3).

⁽²⁾ Fertugasta og fyrsta tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 82/822/EBE frá 19. nóvember 1982 um breytingu á viðaukum við tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fódri (Stjtið. EB L 347, 7.12.1982, bls. 16).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3.

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu (Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1530/2002 (Stjtið. EB L 230, 28.8.2002, bls. 3).

9) Þar eð fastanefndin um matvælaferli og heilbrigði dýra hefur ekki sent frá sér jákvætt álit hefur framkvæmdastjórnin ekki getað samþykkt þau ákvæði sem hún áformaði að setja samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 23. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

2. Eyða skal færslunni um nifúrsól, sem er efni sem tilheyrir flokknum hníslalyf og önnur lyf, í II. kafla viðauka B við tilskipun 70/524/EBE.

2. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Eyða skal færslunni um E 769, nifúrsól, í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún gildir frá 31. mars 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. september 2002.

Fyrir hönd ráðsins,

M. FISCHER BOEL

forseti.

Fylgiskjal 5.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2188/2002**

frá 9. desember 2002

um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefna í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 3. gr. og 9. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að nauðsynlegt sé að hafa leyfi Bandalagsins í samræmi við 4. gr. tilskipunarinnar fyrir nýrri notkun aukefnis sem hefur þegar verið leyft.
- 2) Í 1. mgr. 9. gr. e í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni til nota í fóður eða nýrri notkun aukefnis, sem hefur þegar verið leyft, ef skilyrði b- til e-liðar 3. gr. a í þeirri tilskipun eru uppfyllt og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að efnið hafi einhver þau áhrif, sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar, þegar það er notað í fóður. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi í allt að fjögur ár ef um er að ræða aukefni sem um getur í II. hluta viðauka C við tilskipun 70/524/EBE.
- 3) Framleiðslufyrirtækin lögðu fram ný gögn í því skyni að rýmka leyfi fyrir tveimur ensímefnablöndum, sem lýst er í I. og II. viðauka við þessa reglugerð og skráðar eru í liðum 11 og 51 í viðaukunum við tilskipun 70/524/EBE, þannig að þau nái yfir nýja flokka dýra.
- 4) Mat á skjölunum, sem lögð voru fram að því er varðar nýja notkun ensímefnablöndna, sem lýst er í I. og II. viðauka, sýnir að skilyrðin, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. e, hafa verið uppfyllt og þar af leiðandi er heimilt að leyfa þessa rýmkun að því er varðar notkun til bráðabirgða í fjögur ár.
- 5) Framleiðslufyrirtækið lagði fram ný gögn í því skyni að rýmka leyfi fyrir ensímefnablöndunni, sem lýst er í III. viðauka við þessa reglugerð og skráð í lið 51 í viðaukunum við tilskipun 70/524/EBE, þannig að það nái yfir nýtt eðlisástand efnis að því er einn flokk dýra varðar.

- 6) Mat á skjölunum, sem lögð voru fram að því er varðar nýja notkun ensímefnablöndu, sem lýst er í III. viðauka, sýnir að skilyrðin, sem um getur í 1. mgr. 9. gr. e, hafa verið uppfyllt og þar af leiðandi er heimilt að leyfa þessa rýmkuðu notkun til bráðabirgða í fjögur ár.
- 7) Matið á skjölunum sýnir enn fremur að ákveðnar aðgerðir geta verið nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum efnanna sem skráð eru í viðaukanum. Slík vernd ætti hins vegar að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽³⁾.
- 8) Hinn 18. apríl og 19. júní 2002 sendi visindanefndin um fóður frá sér jákvætt álit um öryggi framangreindra ensímefnablöndna samkvæmt þeim skilyrðum sem er lýst í viðaukunum við þessa reglugerð.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa efnablöndurnar, sem tilheyra flokknum „ensím“ og tilgreindar eru í I. og II. viðauka við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þeim viðaukunum.

2. gr.

Heimilt er að leyfa efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í III. viðauka við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks- innihald		Ómunur ákvæði	Leyfi rennur út
					Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald		
Einsím								
11	Endó-1,4-beta-glúkánasi EC 3.2.1.4	Efnablenda endó-1,4-beta-glúkánasa, endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, og endó-1,4-beta-xyíanasa, framleiðdir með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 74252), með virkni að lágmarki:	Varphepur	—	—	—	1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggjun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: endó-1,4-beta-glúkánasi: 400-1 280 U endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 900-2 880 U endó-1,4-beta-xyíanasi: 1 300-4 160 U.	1.1.2007
	Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6	Kými og fljótandi form: Endó-1,4-beta-glúkánasi: 8 000 U (°)/g eða ml Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 18 000 U (°)/g eða ml Endó-1,4-beta-xyíanasi: 26 000 U (°)/g eða ml						
	Endó-1,4-beta-xyíanasi EC 3.2.1.8						3. Til nota í fœðurlöndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum arabin-oxylónum og beta-glúkónum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% af hveiti, rúghveiti eða bygg.	

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald		Hámarks- innihald	Ónnum ákvæði	Leyfi rennur út
					Virkinningar á hvert kilógramm heilföðurs	Virkinningar á hvert kilógramm heilföðurs			
			Mjólkurgrisir	—	Endó-1,4-beta-glúkánasi: 400 U	—	1. Í notkunarléibeiðingum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggjun.	1.1.2007	
					Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 900 U	—	2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilföðurs: endó-1,4-beta-glúkánasi: 400-1 600 U endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 900-3 600 U		
					Endó-1,4-beta-xy/lanasi: 1 300 U	—	3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum arabínóxy/önun og beta-glúkönun), t.d. þær sem innihalda yfir 40% af hveiti, rígrhvæti eða mais eða hvæiti og 20% af rugli.		

() 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,1 mikrómolí glúkósa á mínútu úr karboxymetylglúkósa við pH 5,0 og 40 °C.

() 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,1 mikrómolí glúkósa á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 5,0 og 40 °C.

() 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,1 mikrómolí glúkósa á mínútu úr xy/laní úr hafrahásmi við pH 5,0 og 40 °C.

II. VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ómurr ákvæði	Leyfi rennur út
					innihald Virktíningur á hvert kilógramm heilföðurs	innihald á hvert kilógramm heilföðurs		
Ensim 51	Endo-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8	Efnablanda endo-1,4-beta-xýlanasa, framleiðdur með <i>Bacillus subtilis</i> (LMG S-15136) með virkni að lágmarki: Endo-1,4-beta-xýlanasi: Fast og fljóttandi form: 100 IU (1) / g eða ml	Eldiskalkúnar	—	10 IU	—	1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslupól og þol við köggluun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kilógramm heilföðurs: 10 IU. 3. Til nota í fôðurböndur, aubugar af arabinoxýlani, t.d. þær sem innihalda minnst 40% af hvetti eða byggi.	1.1.2007

(1) 1 IU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol af oxandi sykra (xýlösajafgilda) á minútu úr xýlani úr birktvíð, við pH 4,5 og 30 °C.

III. VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnafornúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ómurr ákvæði	Leyfi rennur út
					innihald Virktíningur á hvert kilógramm heilföðurs	innihald á hvert kilógramm heilföðurs		
Ensim 51	Endo-1,4-beta-xýlanasi: EC 3.2.1.8	Efnablanda endo-1,4-beta-xýlanasa, framleiðdur með <i>Bacillus subtilis</i> (LMG S-15136), með virkni að lágmarki: Endo-1,4-beta-xýlanasi: Vökvi: 100 IU (1) / ml	Eldis- kjúklingar	—	10 IU	—	1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslupól og þol við köggluun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kilógramm heilföðurs: 10 IU. 3. Til nota í fôðurböndur, aubugar af arabinoxýlani, t.d. þær sem innihalda minnst 40% af hvetti eða byggi.	1.1.2007

(1) 1 IU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol af oxandi sykra (xýlösajafgilda) á minútu úr xýlani úr birktvíð, við pH 4,5 og 30 °C.

Fylgiskjal 6.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 162/2003**

frá 30. janúar 2003

um að leyfa aukefni í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 ⁽²⁾, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í aaa-lið 2. gr. tilskipunar 70/524/EBE skulu leyfi fyrir því að setja hnislalyf í dreifingu tengd þeim einstaklingi sem ber ábyrgð á því að setja þau í dreifingu. Heimilt er að veita slík leyfi fyrir tíu ára tímabil ef öll skilyrði, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í þeirri tilskipun, eru uppfyllt.
- 2) Mat á leyfisumsókn, sem lögð er fram að því er varðar hnislalyfjablönduna sem lýst er í viðaukanum við þessa reglugerð, sýnir að skilyrði 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, eru uppfyllt. Þar af leiðandi er óhætt að leyfa hnislalyfjablönduna og tilgreina hana í I. kafla skrárinnar yfir leyfð aukefni í fódri sem um getur í b-lið 9. gr. t í þeirri tilskipun.

3) Vísindanefndin um fóður hefur sent frá sér jákvætt álit um öryggi og hagstæð áhrif hnislalyfjablöndunnar á búfjárframleiðslu samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa aukefnið, sem tilheyrir flokknum „hnislalyf og önnur lyf“ og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð, sem aukefni í fódri samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

VIÐAUKI

Skráningar- númer aukefnis	Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á því að setja aukefni í dreifingu	Aukefni (viðskiptahætti)	Samsetning, efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	mg virks efnis/kg heilföðurs		Ómnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald		
Hinslalyf og önnur lyf E 771	Janssen Animal Health BVBA	Diklasúríll 0,5 g/100 g (Clinacox 0,5% Premix) Diklasúríll 0,2 g/100 g (Clinacox 0,2% Premix)	Samsetning aukefnis: Diklasúríll: 0,5 g/100 g Sojamjöl: 99,25 g/100 g Fjölvidón K 30: 0,2 g/100 g Natriumhýdroxíð: 0,0538 g/100 g Diklasúríll: 0,2 g/100 g Sojamjöl: 39,7 g/100 g Fjölvidón K 30: 0,08 g/100 g Natriumhýdroxíð: 0,0215 g/100 g Hveitiföðurmjöl: 60 g/100 g Virkt efni: Diklasúríll, C ₁₇ H ₉ Cl ₁₅ N ₄ O ₂ (±)4-klorfenvýll[2,6-diklor-4-(2,3,4,5- tetrahydro-3,5-dioxó-1,2,4-triazin-2- ýl)fenýljasetónítril CAS-númer: 101831-37-2 Skyld óhreinindi: níðurbrotsefni (RO664318): ≤ 0,2% önnur skyld óhreinindi (RO66891, RO66896, RO68610, RO70156, RO68584, RO70016): ≤ 0,5% hvert um sig Óhreinindi samtals: ≤ 1,5%	Kjúklingar, aldir sem verðandi varphaenur	16 vikur	1	1	—	20.1.2013

REGLUR

Persónuverndar um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið reglna þessara er að stuðla að því að jafnvægi ríki annars vegar á milli hagsmuna ábyrgðaraðila af því að tryggja öryggi og hafa eðlilegt eftirlit með þeim sem sæta rafrænni vöktun, m.a. með því hvernig sá hug- og vélbúnaður sem hann leggur til sé nýttur í þágu viðkomandi starfsemi, og hins vegar hagsmuna hinna skráðu af því að njóta eðlilegs einkalífsréttar.

Reglur þessar gilda um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, s.s. með eftirlitsmyndavélum, tæknibúnaði til að fylgjast með síma-, tölvupósts- og netnotkun, ökusíritum, rafrænum staðsetningarbúnaði og rafrænum aðgangsstýringum. Þær gilda þó ekki um eftirlit með mætingum, t.d. með notkun stimpilkorta.

2. gr.

Merking hugtaka.

Merking hugtaka í reglum þessum er sem hér segir:

- Rafræn vöktun:* Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með tilteknum einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannaferi eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
 - vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
 - sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.
- Leitarkerfi:* Kerfi sem gerir mögulegt að finna með skjótvirkum hætti persónuupplýsingar um tiltekna einstaklinga í safni myndefnis, hljóðefnis eða annars konar gagna, s.s. á grundvelli útlitsauðkenna eða annarra einkenna.
- Einkatölvupóstur:* Tölvupóstur sem sendur er eða móttækinn með vél- eða hugbúnaði ábyrgðaraðila, s.s. vinnuveitanda, en lýtur að einkamálefnum viðkomandi einstaklings og varðar hvorki hagsmunum ábyrgðaraðila né þá starfsemi sem hann rekur.
- Netnotkun:* Notkun einstaklings á hug- og vélbúnaði sem ábyrgðaraðili lætur honum í té, t.d. til að vafra um Netið, til að taka við og senda tölvupóst eða til snarspjalls (msn).
- Netvöktun:* Viðvarandi eða reglubundin söfnun upplýsinga um netnotkun, s.s. með aðgerðaskráningu.
- Aðgangsstýring:* Stýring aðgangs að skilgreindum svæðum og gögnum, hvort sem þau eru á tölvutæku formi eða ekki, sem felur í sér að hægt er að sjá hver hefur farið um hin skilgreindu svæði eða hefur unnið með viðkomandi gögn.
- Símavöktun:* Viðvarandi eða reglubundin söfnun upplýsinga um símanotkun einstaklings.
- Ökusíriti:* Rafrænn búnaður í farartæki sem gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um ökumenn, þ. á m. um ferðir þeirra og/eða aksturslag.
- Rafrænn staðsetningarbúnaður:* Rafrænn búnaður sem gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um staðsetningu og ferðir einstaklinga, s.s. þráðlaus auðkenningarbúnaður (RFID), þ.e. örflögur með útsendingartíðni sem sýna staðsetningu, t.d. út frá hnitakerfi.

3. gr.

Áskilnaður um meðalhóf og málefnalegan tilgang.

Rafræn vöktun verður að fara fram í málefnalegum tilgangi, s.s. í öryggis- eða eignavörsluskyni. Vöktun til að mæla vinnu og afköst starfsmanna er einnig háð því að hennar sé sérstök þörf því að:

- a. ekki sé unnt að koma við verkstjórn á hinu vaktaða svæði með öðrum hætti; eða
- b. án vöktunarinnar sé ekki unnt að tryggja öryggi á viðkomandi vinnusvæði, s.s. í ljósi sjónarmiða um hollustuhætti og mengunarvarnir; eða
- c. hún sé nauðsynleg vegna sérstaks samkomulags um launakjör í viðkomandi fyrirtæki, s.s. þegar laun eru byggð á afkastatengdu, tímamældu launakerfi.

Við alla rafræna vöktun skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Skal gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.

Vöktun með leynd er óheimil nema hún styðjist við lagaheimild eða úrskurð dómara.

4. gr.

Varðveisla, miðlun, eyðing og önnur meðferð persónuupplýsinga.

Óheimilt er að safna persónuupplýsingum við framkvæmd rafrænnar vöktunar nema það sé nauðsynlegt í ljósi tilgangsins með vöktuninni.

Persónuupplýsingum sem safnast við rafræna vöktun skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með öflun þeirra. Óheimilt er að varðveita slíkar upplýsingar lengur en í 90 daga, nema lög mæli fyrir um annað.

Persónuupplýsingar sem til verða við framkvæmd rafrænnar vöktunar má aðeins nota í þágu tilgangs með söfnun þeirra og aðeins að því marki sem þess gerist þörf í þágu tilgangsins. Þær má ekki afhenda öðrum, vinna frekar eða geyma nema með samþykki hins skráða eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Þó er heimilt að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða meintan refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu.

5. gr.

Sérákvæði um tölvupóst og netnotkun.

Óheimilt er að skoða tölvupóst, vakta netnotkun starfsmanns eða nemanda nema að uppfylltum ákvæðum reglna þessara. Einkatölvupóst má þó aldrei skoða nema alveg brýna nauðsyn beri til s.s. vegna tölvuveiru eða sambærilegs tæknilegs atviks.

Þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun sé þess nokkur kostur.

Við starfslok skal starfsmanni gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af þeim tölvupósti úr vinnusvæði sínu sem ekki tengist starfsemi vinnuveitandans. Tölvupósti nemenda skal eytt við námslok en áður skal veita hæfilegan frest til töku afrita. Óheimilt er að gera ráðstafanir til að varðveita upplýsingar um netnotkun starfsmanns eða nemanda eftir starfs- eða námslok.

6. gr.

Sérákvæði um ökusírta.

Notkun ökusírta er heimil sé hennar sérstök þörf, s.s. vegna öryggissjónarmiða. Ekki skal nota ökusírta til að vinna upplýsingar um staðsetningu ökumanna nema á því sé sérstök þörf í ljósi lögmæts og málefnalegs tilgangs með notkun þeirra.

7. gr.

Fræðsluskylda ábyrgðaraðila gagnvart starfsmönnum, nemendum o.s.frv.

Sá sem viðhefur rafræna vöktun skal, áður en vöktun hefst, fræða þá sem sæta vöktuninni um:

- a. Hvaða búnaður sé notaður, t.d. hvort notaðar séu stafrænar myndavélar, ökusírtar, hljóðupptökutæki eða annar sambærilegur búnaður.
- b. Tilgang vöktunar, hvaða persónuupplýsingar eigi að vinna með, hve lengi þær verði varðveittar, hvort þeim verði miðlað til þriðja aðila og þá til hverra.
- c. Rétt til að andmæla vöktuninni og hverjar geti verið afleiðingar þess.
- d. Rétt til að fá að vita hvaða upplýsingar séu skráðar um viðkomandi, um rétt hans til að fá upplýsingar leiðréttar eða eytt röngum eða villandi upplýsingum um sig.
- e. Að hvaða marki netnotkun sé heimil, hvaða búnað megi nota og hvaða notkun sé vöktuð.
- f. Hvernig farið sé með einkatölvupóst og annan tölvupóst.
- g. Hvort og þá hvaða netnotkun sé bönnuð, m.a. hvort bannað sé að sækja á netið tiltekið efni og/eða senda slíkt efni í tölvupósti og hvernig bregðast megi við lendi menn fyrir mistök á bönnuðum heimasíðum eða fái bannað efni sent með tölvupósti.
- h. Hvort símvöktun fari fram og hvort takmarkanir, og þá hvaða, séu á heimild til einkanota á tilgreindum símtækjum.
- i. Afleiðingar þess ef brotið er gegn fyrirmælum um notkun síma, netsins eða annars slíks búnaðar á vinnustað.
- j. Önnur atriði, að því marki sem þörf krefur með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, svo að starfsmenn geti gætt hagsmuna sinna.

8. gr.

Viðvaranir um rafræna vöktun.

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

9. gr.

Reglur um rafræna vöktun.

Ábyrgðaraðili að rafrænni vöktun sem leiðir til vinnslu persónuupplýsinga skal setja skriflegar reglur um hana og skilgreina þá stefnu sem hann hyggst fylgja varðandi hana. Óheimilt er að beita slíkum reglum nema þeim sem vöktun beinist að hafi áður sannanlega verið kunngjört efni þeirra og þeim gefinn a.m.k. 15 daga frestur til að koma að athugasemdum. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á um tilgang vöktunarinnar, aðgang að upplýsingunum og varðveislutíma þeirra.

Ef kjarasamningur eða samkomulag, sem telja verður bindandi milli aðila, felur í sér ríkari rétt en leiðir af reglum, sem settar eru skv. 1. mgr., þá víkja þær síðarnefndu.

10. gr.

Upplýsingaskylda vinnuveitanda við gerð ráðningarsamnings.

Við ráðningu starfsmanns skal, áður en gengið er frá samningi, upplýsa starfsmanninn um það hvernig háttáð sé vöktun á viðkomandi vinnustað. Skal það gert með skýrum, ótví-

ræðum og sannanlegum hætti. Verði slíku ekki viðkomið skal tryggja skýra upplýsingagjöf og aðgengi starfsmanna að reglum, s.s. með birtingu þeirra á heimasíðum vinnuveitenda, samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og í starfsmannahandbókum.

11. gr.

Réttur hins skráða til að skoða gögn sem til verða við rafræna vöktun og hann varða.

Sá sem sætt hefur rafrænni vöktun á rétt á að skoða gögn, s.s. fá að hlusta á hljóðupptökur, sem til verða um hann við vöktunina, í samræmi við 18. gr. laga nr. 77/2000, enda standi ákvæði 2. mgr. 19. gr. laganna því ekki í vegi.

Ábyrgðaraðili skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá mótöku erindis verða við beiðni samkvæmt 1. mgr. Komi upp ágreiningur má vísa honum til úrlausnar Persónuverndar. Getur Persónuvernd þá lagt fyrir ábyrgðaraðila að varðveita gögn þar til niðurstaða Persónuverndar liggur fyrir.

12. gr.

Stöðvun rafrænnar vöktunar.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun rafrænnar vöktunar sem í bága fer við ákvæði reglna þessara og um eyðingu þess efnis sem til hefur orðið.

13. gr.

Heimild.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 5. gr. laga nr. 81/2002, taka þegar gildi.

Persónuvernd, 29. október 2004.

Páll Hreinsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.

